



9.2.1 gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012, sbr. rgl. nr. 1173/2012, 350/2013, 280/2014, 360/2016, 666/2016 og 722/2017
Lög um brunavarnir nr. 75/2000

Leiðbeiningar um notkun sorpíláta úr plasti

1 Inngangur

Samkvæmt 9.2.1. gr. byggingarreglugerðar gildir að meginreglur eru ávallt ófrávíkjanlegar en viðmiðunarreglur eru frávikjanlegar með tækniskiptum eða brunahönnun enda sé sýnt fram á að brunaöryggi sé ekki skert og uppfyllt séu meginmarkmið reglugerðarinnar og meginreglur þeirra ákvæða sem vikið er frá.

Í þessum leiðbeiningum eru settar fram almennar viðmiðanir sem Mannvirkjastofnun telur að uppfylli ofangreindar meginreglur. Notkun þeirra í hverju tilfalli er á ábyrgð húseiganda eða viðkomandi hönnuðar eftir því sem við á. Leiðbeiningarnar koma ekki í veg fyrir að aðrar lausnir séu valdar enda séu þær rökstuddar af viðkomandi hönnuðum með fullnægjandi hætti.

2 Sorpílát

Algengast er að sorpílát sveitarfélaga séu úr plasti. Sorpílát þessi eru oft 240 lítra, 13 - 17 kg að þyngd, gerð úr polyethylen og eru búin tveimur hjólum og loki.

Mannvirkjastofnun lét brenna nokkur þessara sorpíláta í tilraunaskyni til að kanna hvernig þau brenna og til að meta nauðsynlegar fjarlægðir þeirra frá húsum, en alloft hefur orðið tjón á húsum út frá brunum í þannig sorpílátum. Lítil munur kom í ljós á brunaeiginleikum einstakra gerða íláta sem brennd voru en þó brunnu léttari ílátin fyrr en hin þyngri.

3 Sorpgeymslur í húsum

Um sorpgeymslur í húsum gilda ákvæði 9.6.7. gr. í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Þar segir: „Meginreglur: Sorpgeymslur skulu ekki valda aukinni brunahættu í byggingum.

Viðmiðunarreglur: Sorpgeymslur skulu vera sérstakt brunahólf, minnst EI 60“.

4 Sorpgerði og -skýli á lóð

Þegar sorpílát úr plasti eru notuð í sorpgerði/sorpskýli skal miða við eftirfarandi fjarlægðareglur sem taka mið af niðurstöðum ofangreindra prófana:

1. Þegar um er að ræða eitt eða tvö sorpílát skulu þau standa a.m.k. 3 m frá timburvegg en a.m.k. 2 m frá járnklæddum vegg eða vegg með yfirborð í flokki 1, og þau mega standa upp við vegg á steinhúsi. Fjarlægðin skal þó aldrei vera minni en 3 m miðað við stystu láréttu fjarlægð í glugga eða timburþakskegg en 5 m sé mælt lóðrétt.
2. Séu sorpílatin 3 eða fleiri skal miða við ofangreindar fjarlægðir að viðbættum 2 m.
3. Séu sorpílatin fleiri en 10 skal hafa þau í óbrennanlegum minnst E30-skýlum sem opnast frá húsinu, mest 10 í hverju skýli. Sama gildir verði ofangreindum fjarlægðareglum ekki viðkomið enda þótt sorpílatin séu færri.



Leiðbeiningar um notkun sorpíláta úr plasti

6.074

Útgáfa 1.0
Dags. 19.02.2018

-
4. Bannað er að nota sorpílát úr plasti innandyra, nema í sorpgeymslum sem byggðar eru í samræmi við ofangreind ákvæði byggingarreglugerðar.

5 Tilvísanir

Leiðbeiningar þessar eru efnislega samhljóða eldri leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar nr. 84. BR2 en tilvísanir í byggingarreglugerð leiðréttar fyrir reglugerð 112/2012 auk minniháttar breytinga á orðalagi.